

Aðalfundur GDLH haldinn 12.11.2010 í húsi ÍSÍ kl. 18:00.

Mættir fundarmenn voru 17.

Lárus Hannesson formaður GDLH setti fundinn og bauð alla velkomna.

Hann stakk upp á Darra Gunnarssyni sem fundarstjóra og Erlu G. Gylfad. sem fundarritara og var það samþykkt.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

Fundarsetning

Kjör fundarstjóra og fundarritara

Fundargerð síðasta aðalfundar

Skýrsla stjórnar

Reikningar félagsins kynntir og bornir upp

Skýrslur nefnda

Lagabreytingar

Ákvörðun félagsgjalda

Kosning stjórnar

Önnur mál

Fundarstjóri Darri Gunnarsson þakkaði traust fundarins fyrir sína hönd og ritarans. Hann bað Lárus um að lesa upp fundargerð síðasta aðalfundar (2009). Lárus sagði síðasta fundargerð vera 12 bls. að lengd og baðst undan að lesa hana nema einhver óskaði sérstaklega eftir því. Hann sagðist koma henni út á netið til lestrar.

Skýrsla stjórnar

Lárus Hannesson las skýrslu stjórnar 2010 og var hún eftirfarandi;

Starfssemi félagsins var með öðru sniði þetta keppnisárið vegna þeirra áhrifa sem hestapestin hafði á hestamennsluna í víðum skilningi. Engin mót voru haldin framan af sumri en þegar líða tók að hausti blésu nokkur félög til mótahalds. Stjórn GDLH tók þá ákvörðun að reyna eftir fremsta megni í samstarfi við hestamannafélögin að dreifa dómstörfum á dómara félagsins eins og mögulegt var og gekk það ágætlega. Neikvætt var þó að nokkrir dómarar náðu ekkert að dæma þetta keppnisár.

Þátttaka var með ágætum á þeim mótum sem haldin voru og virtust hestamenn þyrsta í að leiða saman hesta sína.

Í starfi félagsins mæðir mest á fræðslunefnd. Haldin voru samhæfingarnámskeið í Reykjavík, á Hólum í Hjaltadal, í Finnlandi og í Noregi. Ekkert nýdómaranámskeið var haldið þetta árið en fyrirhugað er námskeið í Austurríki innan tíðar.

Mikil vinna hjá fræðslunefnd hefur undanfarin ár farið í að efla erlent samstarf og breiða út gæðingakeppnina og kynna leyndardóma hennar fyrir erlendum félögum okkar. Það er mjög merkjanlegur árangur þessarar vinnu og voru haldin þrjú mót erlendis þetta ár þar sem dómara fóru héðan til dómstarfa og virðist allt stefna í fjölgun móta áfram. Það fyrirkomulag hefur verið byggt upp að tengiliðir GDLH eru komnir í flest þau lönd þar sem haldin eru gæðingakeppnir sem auðveldar öll samskipti og alla skipurlagningu milli landa.

Stjórn GDLH hefur haft verulegar áhyggjur af að ekki hefur verið nýliðun í dómarastéttinni á Norður- og Austurlandi og verður það að vera í forgangi hjá félaginu að efla stéttina á þessum svæðum.

Flestir fundir stjórnar GDLH eru símafundir og verður það að teljast ákjósanlegt fyrirkomulag þar sem stjórnarmenn búa dreift um landið.

Félagið fékk styrk að upphæð 300 þús. frá átaki í hestamennsku. Styrkurinn er veittur til fræðslustarfa og ekki síst til að efla erlent samstarf og þökkum við framlagið sem hefur komið í góðar þarfir.

Fyrirkomulag fræðslustarfsins verður vandaðrara með hverju ári sem líður og hefur það fyrirkomulag verið haft að mynddiskur hefur verið sendur út til dómara og skila þeir rafrænt niðurstöðum sem fræðslunefnd fer yfir. Þetta fyrirkomulag verður að teljast til bóta þó kostnaður sé ærinn.

Verið er að þróa kerfi sem einfaldar yfirferð á prófum fræðslunefndar sem einnig á að gera matið gegnsærra og vandaðara. Líklegt er þó að tíma taki að þróa kerfið.

Stjórn GDLH hefur unnið tillögu þess efnis að til að mót verði löglegt samkvæmt lögum félagsins þarf að sækja um dómara til félagsins. Ef þessi tillaga verður að lögum mun það auðvelda niðurröðun dómara á mót og hægt verður að raða á þau tímanlega.

GDLH væntir þess að samstarf við forráðamenn hestamenskunnar, erlenda samstarfsaðila og hestamenn almennt verði farsælt á ókomnum árum.

Lárus Ástmar Hannesson

Formaður G.D.L.H..

Fundarstjóri þakkaði Lárusi fyrir skýrsluna og bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar.

Sigurður Ævarsson kom með ábendingu frá stjórn LH að það lægi enginn listi um virka gæðingadómara fyrir tölvunefnd LH. Tölvunefndin þarf slíkan lista til að vinna með Sportfeng. Þessu þarf að fylgja eftir. Stjórn GDLH ætlar að gera það.

Súsanna talaði um að ekki ætti að gefa upp tölurnar á upprifjunarnámskeiðum opinberlega, vegna notagildis. Hægt væri að nota efnið aftur seinna og jafnvel fyrir nýdómaranámskeið.

Sigurður Halldórsson er ekki sammála ofangreindum, vill spara annars staðar. Hann vill endilega að tölurnar séu gefnar upp.

Ingibergur Árnason sammála Sigurði, vill fá að sjá tölurnar.

Súsanna kom einnig með þá ábendingu um að lengja upprifjunarnámskeiðin sjálf. Ræða á um þetta í lok fundarins.

Skýrsla stjórnar var borin upp til samþykktar og hún samþykkt.

Reikningar félagsins kynntir og bornir upp

Oddrún Ýr S. gjaldkeri GDLH kynnti.

Nokkrar fyrirspurnir komu fram um ýmsa liði sem gjaldkeri svaraði greiðlega. Voru reikningar síðanr voru bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir.

Skýrslur nefnda

Sigurbjörn Bárðarson las upp skýrslu fræðslunefndar GDLH og var hún eftirfarandi:

Eins og fyrri daginn lágu mörg mál á borði fræðslunefndar sem biðu úrlausnar. Hefðbundin starfsemi, eins og undirbúningur upprifjunarnámskeiða sem ávallt er tímafrek og þarfnast vandvirkna vinnubragða og val efnis og hvar þarf að bera helst niður í áherslum þar sem helstu veikleikar dómara liggja. Vöntun á góðu kennsluefni með góðum sýningum og góðum myndatökum er okkar helsta vandamál, vegna þess að við þurfum að endurnýja kennsluefni og uppfæra mjög ört. Þema liðins árs var fegurð í reið, sem voru gerð góð skil, ásamt öðrum áhersluþáttum. Þetta er annað árið í röð sem sendir voru diskar með efni til allra dómara til þess að dæma, þar sem dómarar senda úrlausnir á tölvutæku formi til fræðslunefndarinnar til baka.

Okkur í fræðslunefndinni finnst þessi aðferð hafa tekist vel þó svo að úrvinnsla dóma sé afar tímafrek. Finnst okkur þessi vinnuaðferð skila árangri, sem er eftirfarandi:

1. Hvatning til dómara að kynna sér leiðarann.
2. Setja sig inn í dómstörf fyrir upprifjunarnámskeiðin og mæta undirbúnir til leiks. Það eykur á sjálfstæði og öryggi við dómstörf, dómarar leggja sig fram við að kynna sér reglurnar og leiðarann.
3. Þetta grisjar hópinn og veitir sterkt aðhald sem sýnt hefur sig að okkur dómurum veitir ekki af, þ.e. að halda uppi innra eftirliti og fagmennsku í okkar dómstörfum.

Nokkrir dómarar stóðust ekki þær kröfur og viðmið sem fræðslunefndin hefur sett og var þeim gefinn kostur á að þreyta hæfnismat til þess að sannreyna réttindi sín það árið. Ekki nýttu allir sér það og er það undir hverjum og einum komið hvað hann kys að gera í þeim efnum en viðkomandi heldur sínum dómara réttindum þó þau séu ekki virk það árið. Ekki eru allir sáttir við þessa framkvæmd og aðferðafræði og spunnust út sem oftár bréfasendingar og kærur sem leituðu inn á borð lögfræðinga.

Veldur það okkur enn og aftur umhugsun með hvaða hætti félagasamtök sem rekin eru í sjálfböðavinnu geti staðið í slíku málastappi. Það tekur mikinn tíma og kraft frá nefndarmönnum og er ekki saman að jafna við sjálfböðavinnu og atvinnumennsku lögfræðinga. En allt fór þetta að endingu vel og urðu ekki eftirmálar. Í kjölfar þessa ats, leitaði ég mér álits hjá öðrum íþróttafélögum innan ÍSÍ og talaði við formenn samtaka þar og kynnti þeim jafnframt okkar aðferðafræði til endurmenntunar og fræðslu til dómara og það utanumhald og reglur sem við höfum. Fengum við mikið lof fyrir framkvæmdina og hversu vel við stæðum að okkar málum og kom fram að þeir töldu sig mættu læra af okkur hversu vel við héldum um okkar starfsemi.

Þrjú upprifjunarnámskeið voru haldin sem skiptust þannig ; tvö voru haldin í Reykjavík og eitt að Hólum. Leggja þarf að Hólum að nota okkar kennara, annað sé ekki forsvaranlegt fyrir Háskólann á Hólum. Kennarar á Hólum eru ekki með gæðingadómararéttindi og ef þeir eru ekki með þau, eru þeir ekki menntaðir til fræðslustarfa af hálfu GDLH. Um upprifjunarnámskeið má velta þeirri spurningu upp hvort fækka ætti þeim. Hvort nóg væri að halda eitt á hvorum stað, Norðurland og Suðurland, sem myndi vera hagræðing, bæði fjárhagsleg og flýta þar með fyrir skilvirkni nefndarinnar og úrvinnslu á hæfnismati og útdeiling dómara gæti farið fyrir fram.

Árið 2010 var mjög eftirminnilegt vegna pestar og fá mót voru haldin. Dómarar fengu því fá verkefni til að spreyta sig á þar sem flestum mótum var aflýst.

Eins og fyrr vann nefndin hörðum höndum að þeim markmiðum að byggja upp gæðingakeppni á erlendum vettvangi, m.a. með því að aðstoða að koma á hefðbundnu fræðslustarfi og mótahaldi. Miðar þessu starfi okkar hægt og bítandi áfram, fyrir tilstuðlan okkar hér heima þar sem sú nefnd sem skipuð var af FEIF og LH hefur í raun ekki verið virk.

Haldin voru svokölluð landsmót í Svíþjóð, Danmörku og Noregi og voru þau mót mönnuð af dómurum erlendis og héðan að heiman. Mæltist þetta mjög vel fyrir og er mikill áhugi fyrir áfámhaldandi samstarfi sem þýðir að við verðum enn nú frekar að bretta upp ermarnar og fylgja þeim landvinningum eftir sem náðst hafa í þessu samstarfi.

Full ástæða er nú fyrir þá tvo aðila sem kosnir voru fyrir hönd Íslands sem leiðandi í nefndinni, í alþjóðlegu nefndina hjá FEIF að freistast til þess að leggjast á árarar í þessu samstarfi, þó svo að þeir hafi ekki sett stein í götu okkar finnst okkur vanta frá þeim meira samstarf.

Fyrirhugað er nú í byrjun desember að halda gæðingadómaranámskeið og próf í Austurríki sem nú þegar eru skráðir til leiks yfir 20 aðilar. Það sýnir að þetta hægt og sígandi er að myndast sterkur kjarni áhugasamra lykilmanna í mörgum löndum innan FEIF og vettvangur gæðingakeppninnar að verða að veruleika.

Á liðnu keppnisári voru haldin nokkur gæðingamót sem öll voru því marki brennd að vera ekki framkvæmd með hefðbundnum hætti, þ.e.a.s. sérstök forkeppni væri viðhöfð á öllum stöðum og þar af leiðandi ekki sýndar tvær gangtegundir í hverri keppnisgrein. Er þetta neikvæð þróun sem við eigum alfarið að sporna við og standa vörð um að sé ekki viðhöfð nema þar sem fjöldi hrossa er það mikill og það sé undanfari forkeppni/sía fyrir aðalkeppnina samanber framkvæmd forkeppni á landsmótum. Það er óheillaspor fyrir íslenska gæðingakeppni ef við ætlum að kynna hestinn okkar sem fjöhlæfan gangtegundahest en kasta svo út út keppninni tveimur gangtegundum, einvörðungu til að spara tíma fyrir mótshaldara. Mun það jafnframt hafa neikvæð áhrif og uppfyllir ekki ræktunarmarkmið íslenska hestsins. Þessi stefna er óheillaspor sem við verðum að taka á strax.

Í fræðslunefndinni störfuðu 5 manns sem eru eftirtaldir; Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Sindri Sigurðsson, Sigurður Ævarsson, Sigrún Sigurðardóttir og Sigurbjörn Bárðarson.

Vil ég sem hér stend þakka þeim óeigingjarnt samstarf og mikla vinnu sem jafnframt var skemmtileg.

Sigurbjörn Bárðarson.

Boðið var upp á umræður um skýrsluna og voru þær eftirfarandi :

Súsanna Ólafsd. Finnst það þurfa vera skýrara að þau mót séu ekki lögleg sem eru eingöngu með sérstaka forkeppni . Það verður að vera forkeppni til að þau séu lögleg. Hnykkja þarf á þessu.

Helga Cl. Spurði hvað dómari ætti að gera ef hringt væri í hann, þ.e. farið fram hjá úthlutunarferlinu.

Erlendur Árnason spurði hvort nýdómaranámskeið yrði nú í vor. Sigurbjörn svaraði því að það yrði skoðað og það væri líklegt.

Lárus H. talaði um það í framhaldi af þessu að reyna að gera eitthvað fyrir þá landshluta sem hafa fáa dómara á sínu svæði. Sigurbjörn svaraði því þannig að það hefði verið gert mikið í því til að ná inn þeim landshlutum, það væri búið að senda bréf og hafa samband við aðila í þessum landshlutum og fl.

Helga Cl. Talaði um varðandi upprifjunarnámskeiðin. Ef dómari gæti ekki mætt á upprifjun, þ.e.á það eina sem er í boði á Suðurlandi eða hitt sem er í boði á Norðurlandi, er hann þá ekki virkur það árið? Sigurbjörn B. svaraði því að það væri bara þannig. Dómarar yrðu að mæta á upprifjunarnámskeið til að hafa réttindin sín virk. Svo væri það önnur hugmynd um að hafa tvöfalt gjald á þá sem þyrftu sér upprifjunarnámskeið. Þetta þyrfti að ræða .

Lárus H.;Varðandi upprifjunarnámskeiðin. Kom að því að hann hefði áhyggjur af því hversu mikið fólk fer í þrætugírinn á þessum upprifjunarnámskeiðum. Það skili ekki nógu miklum árangri. Þarf jafnvel að vera annað form á þessum upprifjunum. Kom einnig inn á það að matið á samhæfingarnámskeiðinu ætti að vera sýnilegra. Sigurbjörn B. svaraði því að Sigurður Halldórsson væri að vinna í því að hafa þetta sýnilegra, þ.e.á tölvutæku formi.

Súsanna Ó. Varðandi upprifjunarnámskeiðin. Kom með þá tillögu að hafa dagsetninguna á þeim tímanlega .Þá er fólk ekki búið að plana sig í eitthvað annað.

Ingibergur Á. Kom með þá tillögu varðandi upprifjunarnámskeiðin að vera í góðum sal, sæti með halla og öðrum þægindum, væri mun betra og færi örugglega betur fram. Salurinn sammála þessu.

Sveinn J. Sagðist vera einn af þeim sem væru í óánægðu deildinni í félaginu. Finnst þeim sem eru í þeim hópi útskúfaðir. Hann sagði að það hafi verið hann sem sendi GDLH lögfræðibréfið. Var ósáttur við vinnuferlið og vinnubrögð félagsins í því máli. Stjórn og fræðslunefnd ætti að vinna enn betur, hafi alla sem jafningja þrátt fyrir að þeir séu óánægðir.

Ólafur Árnason. Talaði um aðferðina við upprifjunarnámskeiðin. Hvort hægt væri að breyta fyrirkomulaginu. Að dómarar fengju að vita fyrirfram á hverju áherslan væri það árið og þannig gætu dómarar undirbúið sig enn betur fyrir upprifjunina. Sigurbjörn B. sagði að það yrði skoðað enn frekar hvaða aðferð væri best í þessu samhengi.

Sigurður Æ. Talaði um að það gæti verið komið að einhverjum breytingum, það kerfi sem nú væri í gangi í upprifjunarmálum væri ekki endanlegt.

Ingibergur Á. Kom með þá tillögu að endurvekja landsdómaranámskeiðin sem voru hér áður fyrir nokkuð mörgum árum. Með því væri hægt að laga ýmislegt og fara í gegnum hlutina.

Sigurbjörn B. taldi þetta vera sniðugt. Að boða dómara á ráðstefnu og skipta í hópa og vinna þannig og sjá hvernig það myndi skila sér. Alltaf þörf á að skoða og endurmeta.

Lárus H. taldi þetta vera góður punktur með landsdómaranámskeiðin, þarf að gerast snemma. Hægt að gera þá kröfu að þeir sem óskuðu eftir því að dæma á LM myndu þurfa að mæta á þessa upptöku. Lárus kom einnig inn á deilu Sveins J. og Guðmundar H. v.s. GDLH að hann ætlaði ekki að fara í neitt karp við þá en hann var ekki sáttur við þau ummæli að hann sem formaður væri að gera mannámun á félagsmönnum.

Oddrún Ýr. Varðandi deilumálið þá var hún ósátt við orð frá Sveini um að hennar vinnubrögð og annarra í nefndinni væru ekki í lagi.

Guðmundur Hinriksson. Fór yfir sitt mál. Ósáttur með það hvernig ferlið var og hvernig menn fengu úrlausnina.

Lárus H. Sagði það að allir hefðu aðgang að sér sem formanni og var sammála Oddrúnu að hann sitji ekki undir því að vera að gera mannámun.

Guðmundur H. Innti Sigurbjörn B. um hans skoðun sem formann fræðslunefndarinnar. Sigurbjörn vildi ekki taka þessa umræðu en harmaði þetta mál. Hann starfaði ekki þannig eða öðruvísi en þannig að allir væru jafningjar. Enginn hafi haft horn í síðu neins í þessu leiðinlega máli.

Súsanna Ó. Talaði um að henni litist mjög vel á að hafa þessa umræddu áður nefndu landsdómararáðstefnu. Væri bara af hinu góða og allir myndu hagnast.

Sigurður H. Talaði einnig um ráðstefnumálin, væru af hinu góða.

Sveinn Jónsson vildi áréttta það að það væru ekki hans orð að stjórnin ynni ekki sín verk. Hann vildi benda á það að allir ættu að vera jafnir í þessu félagi. Þetta mál sem hann varðar þá var hann ósáttur við það að hann vissi ekki út af hverju hann í rauninni féll á upprifjunarprófinu. Hann fór yfir sitt próf og vildi fá það beint út af hverju fallið var.

Darri G. kom með það að þetta væri einmitt búið að vera í umræðunni. Þeir sem náðu vissu heldur ekki hvar þeir voru sterkir og hvar þeirra veikleiki væri.

Sigurbjörn B. Í framhaldi af deilumálinu þá sagði hann að ef til vill hafi eitthvað misfarist og fannst það leitt að Sveinn hafi ekki fengið nákvæma útskýringu á sínu falli.

Helga Cl. Talaði um að störf fræðslunefndarinnar væru mjög góð. Hún vildi líka koma því að, að við hestamenn yrðum alltaf að halda íslenska gæðingnum á lofti, við þyrftum alltaf að standa vörð um íslenska gæðinginn.

Darri Gunnarsson kom með þá tillögu um að það kæmi ályktun frá fundinum að halda ætti lögleg gæðingamót og einnig það að það komi einhverjar leiðbeiningar frá okkur í gæðingadómarafélaginu til mótshaldara um að halda góð og lögleg mót.

Lagabreytingar

Erlendur Árnason kynnti og útskýrði þann lið. Hann sagði það vera tími til kominn að laga til í lagabreytingum félagsins.

Erlendur tók fyrir þær greinar sem átti að breyta, þær óbreyttu voru ekki ræddar.

2. gr. – Samþykkt.

5. gr. – Þessi tillaga var felld.

Breytingar á 6 gr. Felld.

Fella 8. gr út. Samþykkt var að fella þessa 8 gr.(gömlu) út.

Nýja 8. gr. – breytingar .Tillagan samþykkt.

9. gr.Samþykkt.

13. gr. Breytingartillaga um það að „á nokkrum stöðum á landinu“ í það að það verði amk. 2 staðir. Verði líka 25.apríl í stað 15.apríl. Breyta í yfirumsjón og líka taka út „og störfum dómarafélaga“. Samþykkt með þessari breytingartillögu.

15. gr. Samþykkt að bæta þessari grein við.

16. gr. Þessi tillaga felld. Verður óbreytt.

Ákvörðun félagsgjalda

Nú eru félagsgjöldin 1500 kr. Stungið var upp á því úr salnum að hækka þau í 2500 kr. Aðrir fundargestir vildu halda í sama horf og áður, sumum finnst orðið mikið dýrt að fara á upprifjun og borga félagsgjöld. Þetta var því borið upp til kosninga. Tillagan féll á jöfnu. Félagsgjöldin því óbreytt.

Kosning í stjórn og nefndir

Formaður Lárus H. gaf kost á sér áfram. Hann var kosinn samhljóða.

Kjósa átti um tvær manneskur í aðalstjórn til tveggja ára og tvær manneskur í varastjórn til eins árs. Í aðalstjórn átti að kjósa um Erlend Árnason og Arndísi Brynjólfsdóttur. Erlendur gaf kost á sér áfram en Arndís ekki. Stungið var upp á Erlu G. Gylfadóttur inn í aðalstjórn og var það samþykkt samhljóða. Í varastjórn voru Sigurður Halld og Erla G. Gylfadóttir. Sigurður H. gaf kost á sér áfram og stungið var upp á Ingibergi Árnasyni inn í varastjórn sem var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Sigurður Æ. Spurði hvort launakjör dómara ætti ekki að vera á dagskrá fundarins. Umræður voru um það í salnum. Niðurstaðan um það var að halda þessu óbreyttu áfram þetta árið, hafa taxtann 2300 kr.

Lárus H. tók til máls um launakjörin og bílakostnað. Að dómara ættu að koma sér saman um að skipta með sér aksturkostnaði. Sú viðmiðun að þeir sem ekki eiga bílinn fá 20 kr á km og sá sem á bílinn fái 60 kr. Góð viðmiðun. Rætt um þennan bílakostnað og dómarakostnað. Óskrifuð regla að skipta þessu svona á milli dómara.

Oddrún S. talaði um að gott væri að benda mótshöldurum á það tala við dómara sína áður en mót byrjaði um akstur og sameiningu í bíla til að lækka þennan kostnað. Ræða þarf um þetta á komandi samhæfingarnámskeiðinu.

Erlendur Á. benti á það að þegar dómara koma til Reykjavíkur til að dæma þá er eins og það sé ekki gert ráð fyrir því að mótshaldarar þurfi að útvega dómurum gistingu.

Oddrún S. benti á það að hægt er að fá ódýr ÍSÍ flugfargjöld, það geta öll hestamannafélög nýtt sér og fengið.

Súsanna Ó. talaði um upprifjunar/ endurmenntunarmálin. Finnst það þurfi að vera gegnsærra fyrir okkur dómara að sjá hvar maður er sterkur og hvar ekki. Þarf að sjá niðurstöðurnar, þannig verði dómari enn betri í sínum störfum.

Oddrún S. kom að því að henni finnst skorta innan dómaraastéttarinnar að dómara bakki hvorn annan upp. Dómara gagnrýna kollega sína hæst upp í brekku sem sé ekki nógu gott.

Súsanna Ó. sammála Oddu. Dómara þurfa að standa betur saman.

Helga Cl. í framhaldi af ofangreindum umræðum á vinnureglum og siðfræði dómara vitnar Helga Cl. í 6. gr. laga gæðingadómarafélagsins L.H.

Sigurbjörn B. benti á það að sjónarhorn brekkunnar er allt annað en dómara. Annað aðgengi að horfa og hlusta á takt, er etv. að há dómurum. Dómara þurfa að kappkosta að staðsetja sig á sem bestan hátt. Erfitt að yfirstíga þetta.

Lárus H. talaði um staðsetningu dómara. Sagði að staðsetningu dómara hafi verið velt upp. Hún ræðst oft af brautinni sem gerð var fyrir löngu síðan. Varðandi virðingu hvor fyrir öðrum, mjög réttmætt, ná þarf betri stemmingu innan dómarahópsins, þeir þurfa að geta rætt saman.

Ingibergur Á. benti á í framhaldi af máli Lárusar að dómara koma aldrei saman til að ræða hluti almennilega. Ráðstefnan áður nefnda væri einmitt góður vettvangur til þess.

Darri G. Óheillaspor fyrir íslenska gæðingakeppnina að hafa sérstaka forkeppni, þ.e. að feti og stökki sé sleppt. Fundurinn samþykkir að fela stjórn GDLH að semja ályktun þess efnis að vörður verði staðinn um að vernda lögbundið form gæðingakeppninnar. Í ályktuninni skal m.a. varað við þeirri þróun að kasta út 2 eða fl. gangtegundum keppninnar.

Lárus þakkaði stjórn, starfsmönnum og fundargestum fundarins fyrir fundinn.

Hann sagði fræðslumálin þyrftu að vera opnari og gegnsærri, það væri öllum til bóta. Hann þakkaði Oddrúnu sérstaklega fyrir hennar aðstoð og störf.

Fundi slitið.

Erla Guðný Gylfadóttir , fundarritari